

## Dómsorð:

Stefndi, Kristín Sveinbjörnsdóttir, greiði stefnanda, Davíð Ó. Grímssyni, kr. 7130.00 með 6% ársvöxtum frá 30. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 1700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 1. febrúar 1957.

Nr. 102/1956. **Snorri Magnússon**

gegn

**Kristni Helgasyni.**

Útivistardómur.

## Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Snorri Magnússon, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Kristni Helgasyni, sem sótt hefur dómþing 4 sinnum og krafizt ómaksbóta, kr. 450.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 6. febrúar 1957.

Nr. 13/1957. **Ákærvaldið** (Jóhannes Elíasson hrl.)

gegn

**Finnboga Guðmundssyni**

(Gunnar J. Möller hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

## Dómur Hæstaréttar.

Þegar lítið er til fortíðar ákærða, þykir refsing hans fyrir brot það, sem lýst er í héraðsdómi, samkvæmt þar greind-

um lagaákvæðum svo og 72. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Ákærði, Finnbogi Guðmundsson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóhannesar Elíasonar og Gunnars J. Möllers, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. desember 1956.

Ár 1956, mánudaginn 31. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem var haldinn að Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörns-syni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5588/1956: Ákærvaldið gegn Finnboga Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, útgefnu 18. þ. m., er Finnbogi Guðmundsson, nú refsifangi í hegningarhúsinu, ákærður fyrir að hafa framið brot gegn 244. gr. laga nr. 19/1940 (þjófnað) með því að taka að ófrjálsu hinn 18. júlí s. l., um kl. 17, peningaveski með kr. 1025.00 af Arthúr R. Nielsen inni í áfengisverzluninni við Skúlagötu.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og málskostnaðargreiðslu og sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, sem fæddur er 18. maí 1921 í Reykjavík, hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1935 5/1. Kærður fyrir þjófnað á dúfum.

1936 28/2. Kærður fyrir þjófnað. Málið sent barnaverndar-nefndinni til frekari meðferðar.

- 1937 10/8. Kærður fyrir þjófnað. Ráðstafað í sveit að fyrirlagi Dómsmálaráðuneytis í bréfi 10/8 1937.
- 1940 23/1. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað, hylmingu og lögreglubrot.
- 1943 25/3. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 26. kafla hegningarlagna, 245. gr.
- 1944 19/2. Dómur sama réttar: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
- 1947 3/7. Dómur aukaréttar: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga og áfengislögum. Dómur Hæstaréttar í sama máli 28/5 1948: 10 mánaða fangelsi.
- 1948 27/1. Dómur aukaréttar: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 13. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 2. mgr., laga nr. 70/1947, 25. gr., 2. og 3. og 7. mgr., sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 1947, 18. sbr. 38. gr. áfengislaga og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1949 9/12. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1950 25/5. Reykjavík. Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
- 1950 18/7. Reykjavík. Dómur: 15 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað. Skaðabætur kr. 2800.00 í sama máli.
- 1953 18/7. Reykjavík. Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1954 15/10. Reykjavík. Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

Auk þess hefur hann síðan 1939 alls 153 sinnum undirgengizt greiðslu sektar fyrir áfengislaga- og lögreglusamþykktarbrot.

#### Málavextir:

Miðvikudaginn 18. júlí s. l. var ákærði staddur í áfengisverzluninni við Skúlagötu hér í bæ, og var hann ölvaður. Hann veitti því þá athygli, að maður, er var að verzla þarna, hafði allmikla peninga í veski sínu. Ákærði gekk að manni þessum, tók hann tali og tók utan um hann. Maðurinn ýtti ákærða frá sér, en áður hafði ákærða heppnast að grípa peningaveskið, sem maðurinn

hafði látið í bakvasa sinn. Varð maðurinn þessa ekki var fyrr en nokkru síðar, en leitaði þá aðstoðar lögreglu, og var ákærði handtekinn skömmu síðar. Hafði hann þá á sér 1025 kr., og að því er hann segir, voru þetta allir peningar þeir, er voru í veskinu, en því kvaðst hann hafa hent. Peningunum var skilað til eigandans, Arthurs Reynolds Nielsens, og hefur hann eigi gert bótakröfu.

Ákærði hefur með nefndu atferli brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Hann hefur enn unnið til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Finnbogi Guðmundsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1957.

Nr. 124/1956. **Ákærvaldið**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

**Frederic Harold Pidgen**

(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

#### Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, og samdómendurnir Sveinlaugur Helgason og Þorgeir Jónsson.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, athugað staðar-